

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXIII. árgangur.

1. hefti.

1982

Miðvikudaginn 13. janúar 1982.

Nr. 19/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Halldóri Fannar Ellertssyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals. Brot gegn 233. gr. alm. hegningarlaga. Bifreiðar. Umferðarlög. Dómstólar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjað er dómi sakadóms Kópavogs 2. október 1980 og dómi sakadóms Akureyrar 30. s. m. á hendur ákærða. Eru brot þau, sem ákærða eru gefin að sök, öll framin, áður en dómur gekk í héraði í fyrra málinu. Hafa málín því verið sameinuð í Hæstarétti.

Báðum dómunum er áfrýjað að ósk ákærða með stefnum 17. desember 1980.

Ágrip mála bærust Hæstarétti 9. og 27. nóvember 1981.

Af ákærvaldsins hálfu er þess krafist, að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir með eftirtöldum frávikum:

1. Ákærði verði sakfelldur fyrir skjalafals samkvæmt ákæru 25. október 1979, kafla II.
2. Ákærði verði sakfelldur fyrir þjófnað samkvæmt ákæru 25. október 1979, kafla I, 3. lið.
3. Ákærði verði sakfelldur samkv. öllum þeim refsíákvæðum, er greinir í ákæru 21. nóvember 1979, og beittur þeim viðurlögum, er þar getur.

4. Ákærði verði eigi dæmdur til að greiða vexti af fébótum umfram það, sem krafist er.
5. Refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi ákærða krefst þess, „að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins vegna brota, talinna í ákæru ákæruvaldsins, dags. 7. febr. 1977, I. kafla, 1. tl., og í ákæru, dags. 25. okt. 1979, 3. tl. I. kafla, og af kröfu ákæruvaldsins um sakfellingu og refsingu fyrir ölvun við akstur skv. ákæru, dags. 21. nóv. 1979“. Enn fremur krefst hann þess, að ákærði verði sýknaður af ákæru fyrir brot það, sem greinir í II. kafla ákæru 23. október 1979.

I. A.

**Ákæruefni, sem dómur sakadóms Kópavogs
2. október 1980 lýtur að.**

I. A.

Ákæruefnum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi, en það athugast, að bókstafur A á við ákæru 7. febrúar 1977, B við ákæru 9. september s. á., C við ákæru 16. desember s. á., D við ákæru 25. október 1979 og E við ákæru 21. nóvember s. á. Í ákæru D, II, hefur fallið niður ártalið 1978 á eftir orðinu júnibyrjun. Héraðsdómari hefur leyst úr hverju einstöku ákæruatriði, en efnisskipan dómsins er eigi jafnglögg og skyldi.

Í ákæruskjali 21. nóvember 1979 segir, að brot það, sem ákærði er þar saksóttur fyrir, hafi hann framið 9. september 1979, en ártalið á að vera 1978. Þessi mistök girða ekki fyrir, að dómur sé lagður á þetta ákæruefni, sbr. 3. málsg. 118. gr. laga nr. 74/1974, enda hefur málið verið flutt hér fyrir dómi að aðgættri þessari leiðréttingu ríkissaksóknara.

Í ákæruskjali 7. febrúar 1977 er ákærða m. a. gefið að sök að hafa í fyrstu viku nóvembermánaðar 1975 stolið segulbandstæki, hjólsög og strekkjara úr skúr við Álftröð 1 í Kópavogi. Leitt er í ljós, svo sem greinir í héraðsdómi, að ákærði var dæmdur sekur um þessa háttsemi með dómi sakadóms Kópavogs 23. júlí 1975. Hefur ríkissaksóknari

fallið frá þessu ákæruefni hér fyrir dómi, en héraðsdómari vísaði því eigi frá dómi sem vera ber, sbr. 2. mgr. 168. gr. laga nr. 74/1974 og 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936.

Það athugast, að samkv. ákæruskjali 21. nóvember 1979 skyldi höfða mál gegn ákærða fyrir sakadómi Reykjavíkur, en af hálfu ríkissaksóknara var ákæruskjalið sent til bæjarfógetans í Kópavogi. Verður við það að miða, að misritun sé til að dreifa um nefnt atriði í ákæruskjalinu.

I. B.

Háttarni það, sem ákærði er saksóttur út af í ákæruskjali 25. október 1979, I. kafla, 2., 4. og 5. tölulið, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Taka á klarinetthljóðfæri því, er greinir í sama ákæruskjali, I, 3, varðar ákærða refsingu samkv. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Háttsemi sú, sem ákærða er gefin að sök í sama ákæruskjali, II. kafla, varðar við 155. gr. almennra hegningarlaga.

Um önnur ákæruefni ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara með vísan til röksemda hans að því er varðar refsisök og færslu til refsíákvæða.

II.

Ákæruefni, er dómur sakadóms Akureyrar 30. október 1980 tekur til.

Það athugast, að eitt þeirra málverka, sem ákærði sló eign sinni á, hefur eigi komið til skila.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að háttsemi ákærða, er hinn áfrýjaði dómur fjallar um, varði við 244. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákvörðun refsingar, skaðabóta og sakarkostnaðar.

III. A.

Öll þau brot, sem ákærði er dæmdur sekur um í máli þessu, voru framin, áður en dómur sakadóms Reykjavíkur 21. september 1979 gekk. Ber því að ákveða refsingu ákærða

nú með vísan til 77., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi, en til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldsvist hans í 9 daga.

III. B.

Engar skaðabótakröfur voru uppi hafðar í máli því, er dæmt var í sakadómi Akureyrar 30. október 1980. Hér á eftir verður dæmt um bótakröfur þær, er dómur sakadóms Kópavogs 2. október 1980 tekur til.

Skaðabótakrafa Steinunnar Finnbogadóttur nemur endanlega 117.000 gömlum krónum. Einn kröfuliðurinn, að fjárhæð 10.000 gamlar krónur, varðar viðskipti hennar við ákærða út af úri. Ákærði er eigi í máli þessu sóttur til saka um neitt brot, er tengist úri þessu, og verður eigi dæmt í málinu um þann kröfulið, sbr. 3. málsg. 146. gr. laga nr. 74/1974. Ber að dæma ákærða til að greiða Steinunni 107.000 gamlar krónur.

Af gögnum máls verður eigi séð, að Sigtryggur Sigurðsson hafi haft uppi bótakröfu á hendur ákærða í málinu, og koma bætur til hans því eigi til álita.

Að öðru leyti ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara um höfuðstól dæmdra bótakrafna. Vextir af greindum fjárhæðum verða eigi dæmdir framur því, sem krafist er í málinu. Af hálfu Hótelis Hafnar, Jakobs Sveinbjarnarsonar, Ragnhildar Ellertsdóttur og Steinunnar Finnbogadóttur hefur vaxta eigi verið krafist. Verða þeim því eigi dæmdir vextir, og gegnir einu, þótt ákærði hafi í dómi gengist undir að greiða tveimur þessara aðilja vexti af fjárhæðum, sem hugsanlega yrðu dæmdar. Af hálfu Bettýjar Kristínar Feron var krafist vaxta, og ber ákærða að greiða henni vexti, svo sem hér segir:

19% ársvexti af 100.000 gömlum krónum frá 19. janúar 1979 til 22. s. m., en af 165.000 krónum frá þeim degi til 1. júní s. á., 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvexti frá þeim degi og

til uppsögu dóms þessa, en síðan vexti af almennum sparisjóðsbókum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Ákærði greiði Hótel Esju 19% ársvexti af dæmdri fjárhæð frá 9. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september s. á. og 24% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

III. C.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 nýkrónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 5.000.00 nýkrónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Fannar Ellertsson, sæti 15 mánaða fangelsi, en til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldsvist hans í 9 daga.

Ákærði greiði Ragnhildi Ellertsdóttur 450.00 nýkrónur, Jakob Sveinbjörnssyni 11.20 nýkrónur, Hótel Höfn 200.00 nýkrónur og Steinunni Finnbogadóttur 1.070.00 nýkrónur. Enn fremur Bettý Kristínu Feron 1.650.00 nýkrónur með 19% ársvöxtum af 1.000.00 nýkrónum frá 19. janúar 1979 til 22. s. m., en af 1.650.00 nýkrónum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi og til uppsögu dóms þessa, en síðan með vöxtum af almennum sparisjóðsbókum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá greiði ákærði Hótel Esju 480.00 nýkrónur ásamt 19% árs-

vöxtum frá 9. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á. og 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 nýkrónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 nýkrónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Með ákæruskjali 21. nóvember 1979 var mælt fyrir um höfðun opinbers máls á hendur ákærða fyrir að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda aðfaranótt 9. september 1979. Mun það þó hafa verið misritun fyrir 9. september 1978. Mál þetta skyldi reka fyrir sakadómi Reykjavíkur að því er í ákæruskjalinu sagði. Verður að leggja sjálft ákæruskjalið til grundvallar um það atriði, sbr. 1. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974 og 19. gr. laga nr. 107/1976. Samkvæmt þessu varð málið ekki dæmt í sakadómi Kópavogs, sbr. og 29. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm sakadóms Kópavogs að því er þessa ákæru varðar og vísa henni frá sakadóminum.

Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Kópavogs 2. október 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. september 1980, er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með 5 ákæruskjölum ríkissaksóknara, dags. 7. febrúar 1977, 9. september 1977, 16. desember 1977, 25. október 1979 og 21. nóvember 1979, á hendur Halldóri Fannar Ellertssyni, Álftröð 1 í Kópavogi, fæddum 30. nóvember 1950 að Tjaldanesi í Dalasýslu, A. fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

I.

Er ákærða gefið að sök að hafa tvívegis stolið frá systur sinni á heimili hennar að Álfröð 1 í Kópavogi:

1. Í aprílmánuði 1975 stal ákærði gullkrossi, hálsmeni og fleiri skartgripum.
2. Fimmtudaginn 22. janúar 1976 stal ákærði allt að 30.000 krónum.

II.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa í fyrstu viku nóvembermánaðar 1975 stolið segulbandstæki, hjólsög og strekkjara úr skúr við Álfröð 1 í Kópavogi.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.

B. Fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 15. janúar 1977 tekið á leigu leigubifreiðina R 273 og látið aka sér frá Snorrabraut 85 í Reykjavík að Álfröð 1 í Kópavogi án þess að hafa handbært fé til greiðslu ökugjaldsins, kr. 1.120.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og nefnds ökugjalds.

C. Fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa miðvikudaginn 16. nóvember 1977 stolið veski með allt að 2.000 krónum í peningum, skjölum og skilríkjum í húsinu nr. 44 við Barðavog í Reykjavík.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D. Þjófnaður samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940:

I.

1. Stolið í júníbyrjun 1978 peningaveski með peningum, allt að kr. 10—15 þúsund, tékkhefti við Landsbanka Íslands og ýmsum persónulegum munum frá Á. B. á gistiheimili við Snorrabraut í Reykjavík.

2. Föstudaginn 19. janúar 1979 tekið heimildarlaust kr. 100.000 og 22. janúar kr. 65.000 úr bankabók nr. 529 við Landsbanka Íslands, en bókina tók ákærði heimildarlaust í húsi, sem hann var staddur í á Akranesi. Fór fyrri úttektin fram í Reykjavík, en seinni á Akureyri.

3. Stolið í marsmánuði 1979 klarinetthljóðfæri úr herbergi systur sinnar að Álfröð 1 í Kópavogi.

4. Þann 19. mars 1979 stolið eftirtöldu á Hótel Höfn í Hornafirði: kr. 20.000 í peningum frá herbergisfélaga sínum og fatnaði frá manni á herbergi nr. 206 og kr. 20.000 úr peningakassa hótelsins.

5. Aðfaranótt miðvikudagsins 21. mars 1979 stolið allt að kr. 100.000 í peningum, gullarmbandsúri, tveim gullarmböndum og gullhálsfesti frá konu, þar sem hann var staddur í gistiheimilinu að Brautarholti 22 í Reykjavík.

II.

Skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga:

Falsað í júnibyrjun nafn Ásgeirs Beinteinssonar sem útgefanda á þrjá tékka á eyðublöð úr tékkhefti, sem um getur í lið I, hér að framan, og látið kunningja sinn B. Kr. fá tékkana upp í viðskipti þeirra:

1. Nr. 2611064, kr. 48.000, dags. 4. júní, til Birgis Kristjáns-sonar.

2. Nr. 2611065, kr. 36.000, dags. 4. júní, til handhafa.

3. Nr. 2611066, kr. 44.000, dags. 4. júní, til handhafa.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

E. Fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 9. september 1979 (sic) undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda bifreiðinni G 5257 frá Skipholti 45 í Reykjavík suður í Hafnarfjörð með viðkomu á Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

MÁLSATVIK.

I.

A. 1. Föstudaginn 23. janúar 1976 kom Ragnhildur Ellertsdóttir, Álfröð 1 í Kópavogi, á lögreglustöðina hér í bæ og kærði Halldór Fannar Ellertsson, bróður sinn, fyrir að hafa í aprílmánuði 1975 stolið frá sér gullúri, gullkrossi og einu hálsmeni. Kveður hún mann að nafni Bjarni Sigurðsson hafa verið með Halldóri, er umræddur atburður átti sér stað.

24. janúar 1976 játar Halldór Fannar fyrir lögreglunni í Kópavogi að hafa tekið lítinn gullkross, hálsmen og eitthvað fleira frá dóttur Ragnhildar, og kveðst hann hafa selt umrædda skartgrip í skartgripaverslun í Lækjargötu í Reykjavík. Halldór neitaði að hafa stolið gullúri frá systur sinni, en hann kveður Bjarna Sigurðsson, félagi sinn, hafa stolið því. Halldór staðfestir framburð sinn fyrir sakadómi Árnassýslu 7. jan. 1977, en dregur síðan framburð sinn til baka fyrir sakadómi Kópavogs 17. mars 1978, og kannast hann nú ekki við að hafa tekið umrædda skartgrip.

Bjarni Guðbergur Sigurðsson, til heimilis að Laugarnesvegi 85 A, Reykjavík, kannast við fyrir sakadómi Kópavogs 2. september 1980 að hafa verið á heimili Ragnhildar, er skartgripir þeir og gullúr, sem hér er ákært út af, hurfu, og kveður hann Halldór Fannar hafa tekið bæði úrið og skartgripina, og ber Bjarni af sér alla sök í málinu.

Í málinu liggur fyrir skaðabótakrafa Ragnhildar Ellertsdóttur um, að Halldór Fannar greiði sér kr. 20.000 vegna ofangreindra skartgripa.

2. Sama dag og í lið 1 greinir kærði Ragnhildur Ellertsdóttir Halldór Fannar, bróður sinn, fyrir að hafa stolið frá sér kr. 30.000 22. janúar 1976 á heimili hennar. Halldór játar fyrir lögreglu 24. janúar 1976 að hafa stolið kr. 25.000 frá systur sinni og hafi peningarnir verið 5 fimmþúsund króna seðlar. Heldur hann fast við framburð sinn fyrir dómi 7. janúar 1977 og 17. mars 1978.

Halldór kveðst fyrir dómi 7. jan. 1977 hafa greitt systur sinni kr. 10.000 upp í kröfuna, en systir hans mótmælir því fyrir dómi 21. mars 1978 og ítrekar fyrri framburð sinn. Gerir hún þá kröfu í málinu, að Halldór greiði sér kr. 30.000.

II.

Þessi ákæruliður var upplýstur og dæmdur í sakadómi Kópavogs 23. júlí 1976.

B. Laugardaginn 15. janúar 1977 tók ákærði leigubifreið frá Snorrabraut 85 í Reykjavík og ók að Álfröð 1 í Kópavogi, sbr. reikning merktan dómskjal nr. 9.

Er heim kom, átti ákærði ekki handbæra peninga fyrir fargjaldu, kr. 1.120.

Fyrir sakadómi Kópavogs 17. mars 1978 kannast ákærði við að hafa ekið umrædda leið án þess að hafa átt handbært fé fyr-

ir fargjaldinu, og samþykkir hann að greiða kröfu leigubifreiðarstjórans, kr. 1.120.

Upplýst er í málinu, að ákærði var undir áhrifum lyfja, er atburður þessi átti sér stað.

C. Miðvikudaginn 16. nóvember 1977 bankaði ákærði upp á í kjallaraíbúð að Barðavogi 44 í Reykjavík í leit að hljómlutningstækjum, sem hann taldi sig eiga í geymslu í einhverju húsi við Barðavoginn. Fékk hann að hringja í ofangreindri kjallaraíbúð, og notaði hann sér tækifærið og stal veski, sem lá á borði við símann. Í veskinu voru kr. 2.000 svo og ýmis persónuskilríki. Halldór jatar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins að hafa tekið veskið ófrjálsri hendi, en man að öðru leyti óglöggt eftir atvikum sökum ölvunar umræddan dag.

Kærandi kveðst ekki gera kröfur í máli þessu.

I.

D. 1. Upplýst er með eigin játningu ákærða fyrir sakadómi Kópavogs 29. ágúst 1980, að hann hafi stolið peningaveski Ásgeirs Beinteinssonar, Strandgötu 65, Akranesi, að Snorrabraut 32, Reykjavík, í júníbyrjun 1978, en ákærði kveðst hafa verið þar að drykkju ásamt Á. B. og fleiri aðiljum.

Í veskinu var tékkhefti, ýmis persónuskilríki svo og 10—15 þúsund í peningum. Ákærði kveðst ekki muna, hvort hann tók 10—15 þúsund úr veskinu. Ásgeir Beinteinsson fellur frá skaðabótakröfu í málinu.

2. Ákærði viðurkennir fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir sakadómi að hafa stolið aðfaranótt föstudagsins 19. janúar 1979 bankabók í eigu Bettýjar Feron að Heiðarbraut 39, Akranesi, en ákærði var þar gestkomandi, er hann framdi verknaðinn.

Ákærði viðurkennir, að hafa tekið í eigin nafni í heimildarleysi út úr bókinni kr. 100.000 hinn 19. janúar 1979 í Reykjavík og kr. 65.000 22. janúar 1979 á Akureyri. Peningunum eyddi ákærði til bifreiðakaupa og í persónulegar þarfir.

Ákærði samþykkir að greiða Bettý Feron kr. 165.000 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.

3. Mánudaginn 26. mars 1979 kærði Fanney Ellertsdóttir, Álfa-tröð 1, Kópavogi, þjófnað á klarinetthljóðfæri á heimili sínu, en hljóðfærið kvaðst hún hafa haft að láni og hefði það horfið í byrjun mánaðarins.

Ákærði, bróðir kæranda, játaði fyrir rannsóknarlögreglu 25. mars 1979 að hafa tekið umrætt hljóðfæri. Kveðst hann ekki hafa ætlað að slá eign sinni á það, heldur hafi hann tekið það til að fullnægja hljómlistaráhuga sínum, en hann kveðst hafa verið að byrja á drykkju, er hann tók hljóðfærið.

Upplýst er í málinu, að hljóðfærið hafi gleymst í leigubifreið, á meðan á drykkju ákærða stóð, og hafi ákærði engan reka gert að því að reyna að hafa upp á hljóðfærinu og koma því til skila, er hann var kærður fyrir töku þess.

Við eftirgrennslan hafðist upp á hljóðfærinu, og er það komið í réttar hendur.

4. 15. mars 1979 réð ákærði sig sem háseta á Svöluna, RE 3, sem gerð var út frá Höfn í Hornafirði.

Flaug ákærði austur til Hafnar 18. mars og fékk inni á herbergi 206 á Hótel Höfn, en útgerð bátsins hafði herbergið á leigu. Ákærði játar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir sakaðómi að hafa stolið kr. 20.000 úr peningakassa hótelsins í afgreiðslu þess að kvöldi komudagsins. Kveðst ákærði hafa neytt færis, er enginn var í afgreiðslunni, opnað peningakassann og tekið peningana.

Ákærði fellst á að greiða Hótel Höfn kr. 20.000 ásamt hæstu innlánsvöxtum hvers tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní til greiðsludags.

Ákærði játar jafnframt að hafa stolið kr. 20.000 frá herbergisfélaganum, Sigtryggi Sigurðssyni, á herbergi 206 á hótelinu. Kveðst ákærði hafa tekið peningana úr veski hans eða jakka í herberginu. Fellst ákærði á að greiða Sigtryggi kr. 20.000 með hæstu innlánsvöxtum hvers tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.

Ákærði játar jafnframt að hafa stolið nýjum jakkafötum að verðmæti kr. 70.000 frá herbergisfélaganum, Þórmari Ragnarssyni, Heiðvangi 11, Selfossi. Kveðst ákærði hafa farið í fötum Þórmars, er hann yfirgaf Höfn í Hornafirði þann 20. mars 1979, og hafi hann brúkað þau í 2 daga. Fötunum var seinna komið til skila til eiganda síns, og gerir hann ekki frekari kröfur í málinu.

Sigtryggur Benediktsson, skipstjóri á Svölunni, RE 3, gerir þá kröfu, að ákærði greiði sér samtals kr. 36.930, en Sigtryggur kveðst hafa gengist í ábyrgð fyrir ákærða, er hann réð hann

til starfa. Kveðst Sigtryggur hafa greitt hótélreikning ákærða við Hótél City, Reykjavík, að upphæð kr. 25.000 og jafnframt hafi hann greitt flugfar fyrir ákærða til Hornafjarðar, kr. 11.930. Reikningar vegna þessara krafna liggja ekki fyrir og hefur ekki verið ákært út af þeim.

5. Aðfaranótt miðvikudagsins 21. mars 1979 var ákærði að drykkju á gistiheimilinu að Brautarholti 22, Reykjavík, ásamt Steinunni Finnbogadóttur, Eyrarhúsum, Tálknafirði, og fleira fólki.

Er Steinunn vaknaði um hádegisbilið daginn eftir, þá saknaði hún kr. 100.000 í peningum svo og tveggja múrsteinsgullarmbanda, gullhálmens og kvengullúrs, en peningana og skartgripina kvað hún hafa verið í handtösku í herbergi sínu, er hún fór að sofa um nóttina. Vaknaði strax grunur um, að ákærði hefði verið hér að verki, og hafðist samdægurs upp á honum á Akureyri.

Við leit á ákærða fundust: gullúrið, gullhálsfestin og annað gullarmbandið svo og kr. 52.400 í peningum. Var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins svo og fleiri afbrot, og var hann í varðhaldi í 9 daga, frá 22. mars til 30. mars 1979.

Ákærði játaði fyrir sakadómi Kópavogs 29. ágúst sl. að hafa stolið kr. 100.000 frá Steinunni Finnbogadóttur nótt þá, er í ákæru greinir, og jafnframt að hafa stolið skartgripum þeim, er í ákæru greinir, að undanskildu breiðara múrsteinsarmbandsins. Ákærði féllst þó á að greiða Steinunni andvirði armbandsins.

Ákærði fellst á í réttinum að greiða Steinunni Finnbogadóttur samtals kr. 127.600 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.

II.

Upplýst er í lið D 1, að ákærði stal í júníbyrjun 1978 veski Ásgeirs Beinteinssonar, er þeir voru saman að drykkju að Snorrabraut 32, Reykjavík, á heimili Einars Bjarnasonar. Ákærði játar fyrir sakadómi Kópavogs 29. ágúst sl. að hafa tekið 3 óútfyllt tékkaeyðublöð úr hefti Ásgeirs Beinteinssonar og falsað nafn hans sem útgefanda á þau öll og látið kunningja sinn, Birgi Kristjánsson, Strandaseli 2, Reykjavík, hafa uppi fyrirhuguð viðskipti ákærða við Flugleiðir og gjaldeyrisbanka.

Tékkarnir eru:

1. nr. 2611064, kr. 48.000, dags. 4. júní, til Birgis Kristjánssonar,
2. nr. 2611065, kr. 36.000, dags. 4. júní, til handhafa,
3. nr. 2611066, kr. 44.000, dags. 4. júní, til handhafa.

Ákærði kveðst hafa hitt Birgi á City Hótel í júníbyrjun 1978 og hafi þeir verið að dykkju saman. Kveðst ákærði hafa látið Birgi fá ofangreinda 3 tékka til þess að kaupa fyrir sig farmiða og gjaldeyri til Kaupmannahafnar, en hann kveður þá félaga hafa ætlað saman þangað. Kveður hann Birgi síðan hafa svikið sig og hafi hann aldrei keypt hvorki farmiða né gjaldeyri fyrir sig, eins og til stóð, heldur hafi hann framselt tékkana á öðrum stöðum en ásetningur stóð til og hafi Birgir eytt andvirði þeirra í eigin þarfir.

Birgir heldur því hins vegar fram fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins, að tékkarnir hafi verið greiðsla af hálfu ákærða vegna viðskipta, sem þeir hafi átt saman á Litla-Hrauni, er þeir voru þar saman í afplánun. Kveðst Birgir hafa selt ákærða stereo-tæki á Hrauninu og hafi ákærði greitt sér fyrir hljómflutnings-tækin með þessum ávísunum.

Halda bæði ákærði og Birgir fast við framburð sinn við seinni yfirheyrslur svo og við sampröfun fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins.

Ekki er upplýst í málinu, hvort að Birgi Kristjánssyni hafi verið kunnugt um, að ávísanirnar hafi verið falsaðar.

Í málinu liggur fyrir krafa Hótel Esju um, að útgefandi ávísunar nr. 2611064 verði dæmdur til að greiða sér kr. 48.000 auk 2% mánaðarvaxta frá útgáfudegi til greiðsludags auk lögfræðikostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

E. Ákærði jatar fyrir lögreglunni í Reykjavík í skýrslu, dags. 12. september 1978, og fyrir sakadómi Kópavogs að hafa ekið bifreiðinni G 5257 án ökuréttinda leið þá, er í ákæru greinir.

Kveðst ákærði hafa verið í partíi að Skipholti 45 í Reykjavík, áður en hann lagði upp í aksturinn, og segir hann um vinneslu sína í lögregluskýrslunni: „Ég neytti áfengisins eins og aðrir og fann aðeins til breytingar af völdum áfengisins.“ Seinna í skýrslunni segir hann: „Ég man, að þarna var veitt Whisky Ballantine og Rum.“

Er hann var spurður fyrir lögreglu, hvort hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, svarar ákærði, „ég get ekki sagt, að ég hafi fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, en náttúrulega vissi ég, að ég var búinn að smakka áfengi og jafnframt að ég væri ekki með ökuréttindi.“

Ákærði neitar fyrir sakadómi að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Blóðprufa var ekki tekin af ákærða.

NIÐURSTAÐA.

I.

A. 1. Telja verður sannað, að ákærði hafi stolið gullkrossi og gullhálsmeni frá systur sinni, Ragnhildi Ellertsdóttur, að Álftröð 1, Kópavogi, í apríl 1975. Eigi þykir lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hafi stolið gullúri frá systur sinni við sama tækifæri, og ber að sýkna hann af því.

Ákæruliður er réttilega færður til refsíákvæðis.

Skaðabótakröfu Ragnhildar Ellertsdóttur þykir í hóf stillt og verður tekin til greina að fullu.

2. Ákærði hefur undandrátarlaust viðurkennt að hafa stolið kr. 25.000 frá Ragnhildi Ellertsdóttur, systur sinni, hinn 22. jan. 1976. Hefur ákærði ætíð haldið fast við þann framburð sinn fyrir sakadómi og neitar staðfastlega, að upphæðin hafi verið kr. 30.000, eins og kærandi heldur fram. Telja verður sannað, að ákærði hafi stolið kr. 25.000 frá Ragnhildi Ellertsdóttur. Sú fullyrðing ákærða, að hann hafi greitt systur sinni kr. 10.000 upp í kröfuna, er ósönnuð af hans hálfu. Ákæruliður er réttilega færður til refsíákvæðis. Ber ákærða að greiða Ragnhildi Ellertsdóttur kr. 25.000 í skaðabætur.

II.

Þar sem ákærði var dæmdur fyrir brot þau, er í þessum lið ákæru greinir, með dómi sakadóms Kópavogs hinn 23. júlí 1976, þá ber að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvaldsins hvað þennan ákærulið áhrærir.

B. Ákærði játar fyrir sakadómi Kópavogs 17. mars 1978 að hafa tekið leigubifreið og ekið leið þá, er í ákæru greinir, án þess að hafa handbært fé fyrir fargjaldinu. Þykir ákærði því hafa brotið gegn 248. gr. alm. hegningarlaga, og breytir hér engu lyfjanotkun ákærða, er brot var framið. Ákæra er réttilega færð til refsíákvæðis.

Krafa tjónþola verður tekin til greina að fullu.

C. Með eigin játningu ákærða telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í þessum ákærulið, og er ákæra réttilega færð til refsíákvæðis.

I.

D. 1. Með eigin játningu ákærða telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir. Telja verður og sannað, að ákærði hafi stolið kr. 10.000 frá Á. B.

Ákæra er réttilega færð til refsíákvæðis.

2. Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmni við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru.

Ákærði samþykkir að greiða Bettý Feron kr. 165.000 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.

3. Ákærði játar bæði fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og í sakadómi Kópavogs að hafa tekið klarinetthljóðfæri það, er systir hans hafði að láni, að henni fornspurðri, til þess að svara tónlistaráhuga sínum. Upplýst er í málinu, að hljóðfærið hafi síðan gleymst í leigubifreið, en ákærði kveðst hafa verið á drykkjutúr, er atburður þessi átti sér stað.

Ósannað er, að um auðgunarásætning hafi verið að ræða af hálfu ákærða, er hann svipti systur sína hljóðfærinu, og þykir brot hans því varða við 257. gr., 1. mgr., alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru.

Ákærði samþykkir að greiða Hótel Höfn, Hornafirði, kr. 20.000 í skaðabætur svo og Sigtryggi Sigurðssyni kr. 20.000 í skaðabætur. Jafnframt samþykkir ákærði að greiða báðum aðiljunum hæstu innlánsvexti hvers tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags. Skaðabótakröfu Sigtryggs Benediktssonar skipstjóra ber að vísa frá dómi, þar sem hennar hefur ekki verið getið í ákæru.

5. Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákærði samþykkir að greiða Steinunni Finnbogadóttur kr. 127.600 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní til greiðsludags.

II.

Ákærði játar fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og sakadómi Kópavogs að hafa falsað í júníbyrjun 1978 nafn Ásgeirs Bein-
teinsonar sem útgefanda á tékka þá, sem í ákæru greinir, og
jafnframt, að ásetningur sinn hafi staðið til þess að framselja
téðar ávísanir í gjaldeyrisbanka og hjá Flugleiðum og blekkja
þannig þessa aðilja í lögskiptum sínum við þá. Kveður hann
Birgi Kristjánsson, félagi sinn, hafa ætlað að annast þessi lög-
skipti fyrir sína hönd, en hann hafi svikið sig og hafi hann fram-
selt tékkana hjá öðrum aðiljum en til stóð í upphafi og eytt and-
virði ávísananna í eigin þarfir.

Birgir heldur því hins vegar fram, að framangreindir tékkar
hafi verið greiðsla af hálfu ákærða upp í fyrri viðskipti þeirra.

Ósannað er, að tékkarnir hafi verið greiðsla af hálfu ákærða
til Birgis Kristjánssonar vegna fyrri viðskipta þeirra á Litla-
Hrauni. Ekki er heldur upplýst í málinu, að Birgi Kristjánssyni
hafi verið kunnugt um, að ákærði hafi falsað ávísanirnar með
þeim ásetningi að nota þær til að blekkja með í lögskiptum.

Þykir brot ákærða því varða við 1. mgr. 155. gr. alm. heg-
ningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga.

Ákærði samþykkir að greiða Hótel Esju kr. 48.000 í skaða-
bætur auk 2% mánaðarvaxta frá útgáfudegi til greiðsludags, en
kröfu hótelsins um, að ákærða verði gert að greiða lögfræði-
kostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands er hafnað, þar
sem krafan er höfð uppi og dæmd í opinberu máli.

E. Ákærði játar fyrir lögreglu og í sakadómi að hafa ekið án
ökuréttinda bifreiðinni G 5257 leið þá, er í ákæru greinir, að-
faranótt laugardagsins 9. september 1979. Eigi þykir lögfull
sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hafi verið undir áhrif-
um áfengis, er akstur átti sér stað, og ber því að sýkna ákærða
af þeirri kröfu ákæruvaldsins, að hann hafi ekið undir áhrifum
áfengis. Þykir brot ákærða varða við 1. mgr. 27. gr. umferðar-
laga.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærur og refsingum sem
hér segir:

1972 8/3 í Kópavogi: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 6.
mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr.
24. gr. áfengislaga, sbr. 45. og 21. gr. áfengislaga.
Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 7 mán. frá 8.
mars 1972.

1973 29/6 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi, skilorðsbund-

- ið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
- 1973 6/9 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1973 14/6 á Akureyri: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1975 16/4 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
- 1975 12/9 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga og 248. gr. sömu laga, en refsing ekki gerð.
- 1975 19/3 í Kópavogi: Dómur: 1 mán. fangelsi og skilorðsbundið í 2 ár fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga.
- 1975 19/4 á Akureyri: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. og 2. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga.
- 1976 23/7 í Kópavogi: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1977 18/1 í Kópavogi: Dómur: 10 mánaða fangelsi ÷ 13 daga gæsluvarðhald fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga og 155. gr. sömu laga.
- 1979 21/9 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Skaðabætur.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af sakaferli hans svo og framangreindu hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði. Til frádráttar refsivist ákærða komi gæsluvarðhaldsvist hans í 9 daga.

Ákærði greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni héraðsdómslögmanni, kr. 200.000 í málsvarnarlaun.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Rúnar Mogensen fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Fannar Ellertsson, sæti fangelsi í 8 mánuði. Til frádráttar refsivist ákærða komi gæsluvarðhaldsvist hans í 9 daga.

Ákærði greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni, kr. 200.000 í málsvarnarlaun.

Ákærði greiði eftirtöldum aðiljum skaðabætur sem hér segir:

1. Ragnhildi Ellertsdóttur, Álftröð 1, Kópavogi, kr. 45.000.

2. Jakob Sveinbjörnssyni, bifreiðarstjóra á R 272, kr. 1.120.
 3. Bettý Feron, Heiðarbraut 39, Akranesi, kr. 165.000 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.
 4. Hótel Höfn, Hornafirði, kr. 20.000 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.
 5. Sigtryggi Sigurðssyni, Höfn, Hornafirði, kr. 20.000 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.
 6. Steinunni Finnbogadóttur, Eyrarhúsum, Tálknafirði, kr. 127.600 með hæstu innlánsvöxtum á hverjum tíma frá brotadegi til 15. júní 1979 og dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 15. júní 1979 til greiðsludags.
 7. Hótel Esju kr. 48.000 auk 2% mánaðarvaxta frá útgáfudegi til greiðsludags.
- Ákærði greiði allan annan sakarkostnað.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
-

Dómur sakadóms Akureyrar 30. október 1980.

Mál þetta, sem höfðað er af hálfu ákæruvaldsins með ákæru-skjali, dagsettu 3. (sic) október 1979, var tekið til dóms hinn 29. október sl.

Málið er höfðað á hendur „Halldóri Fannar Ellertssyni, Tjarnarlundi 8 G á Akureyri, fæddum 30. nóvember 1950 að Tjaldanesi í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu.

I.

Ákærða er gefið að sök að hafa í júlí- eða ágústmánuði 1978 stolið þremur málverkum eftir Einar Jónsson frá Fossi og fimm bókum úr íbúðarherbergi að Snorrabraut 42 í Reykjavík, er ákærði dvaldi þar sem gestur.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærða er gefið að sök að hafa miðvikudaginn 25. júlí 1979 mundað hníf í húsinu nr. 41 við Hafnarstræti á Akureyri og hót- að þeim Þórólfi Ingvarssyni, fæddum 16. apríl 1944, Jónheiði Þorsteinsdóttur, fæddri 31. október 1944, og Ingunni Þórólfs- dóttur, fæddri 19. maí 1963, öllum til heimilis að Tjarnarlundi 8 G, að hann skyldi ráða þeim bana með hnífnum.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og telst sak- hæfur, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1972 8/3 í Kópavogi: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 6. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sbr. 45. gr. og 21. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 7 mánuði frá 8/3 1972.
- 1978 29/6 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðs- bundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningar- laga.
- 1978 6/9 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1978 4/5 á Akureyri: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1975 16/4 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
- 1975 12/9 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga og 248. gr. sömu laga, en refsing ekki gerð.
- 1975 19/3 í Kópavogi: Dómur: 1 mán. fangelsi og skilorðs- bundið í 2 ár fyrir brot á 244. gr. alm. hegningar- laga.
- 1975 19/4 á Akureyri: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. og 2. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga.
- 1976 23/7 í Kópavogi: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1977 18/1 í Kópavogi: Dómur: 10 mánaða fangelsi ÷ 13 daga gæsluvarðhald fyrir brot gegn 244. gr. hegningar- laga og 155. gr. sömu laga.
- 1979 21/9 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Skaðabætur.

MÁLAVEXTIR.

Liður I í ákæruskjali.

Samkvæmt játningu ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu, var ákærði við vinnu í Hlaðgerðarkoti í Mosfellssveit fram undir júlí/ágúst 1978. Þegar ákærði fór frá Hlaðgerðarkoti, fékk hann leyfi Einars Valgarðs Bjarnasonar til að nota herbergi hans að Snorrabraut 42 í Reykjavík, og í þessu skyni fékk ákærði lykla að herberginu hjá Einari Valgarði. Skömmu eftir að ákærði var kominn í herbergi þetta, tók hann þrjú málverk eftir Einar Jónsson frá Fossi, sem voru í eigu Einars Valgarðs. Hér er um að ræða málverk frá Þingvöllum, líklega málað um síðustu aldamót, málverk frá Rangárvallasýslu og málverk af herskipi og togara. Hinn 9. ágúst 1978 seldi ákærði myndina frá Þingvöllum í listmunaversluninni að Laufásvegi 58, Reykjavík. Ákærði hefur einnig viðurkennt að hafa selt hin málverk in tvö, en ekki liggur ljóst fyrir, hvar eða hvenær hann seldi þessi málverk. Samkvæmt gögnum málsins hefur Einar Valgarð fengið öll málverkin í sína vörslu. Um svipað leyti og ákærði tók umrædd málverk úr herbergi Einars Valgarðs, tók hann þar einnig fimm bækur, en þessar bækur eru: 1. Leikrit eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, 2. Að norðan, I. og II. bindi, eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, 3. Sólon Íslandus eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, 4. Ljóðmæli eftir Stefán frá Hvítadal. Bækur þessar fór ákærði með til Höllu Halldórsdóttur, Gaukshólum 2, Reykjavík, og afhenti henni þær án endurgjalds, en Halla tilkynnti síðan rannsóknarlögreglu ríkisins um bækurnar.

Samkvæmt gögnum málsins hefur bókunum nú verið skilað.

Með þessari háttsemi sinni, hefur ákærði brotið gegn ákvæði 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Liður II í ákæruskjali.

Miðvikudaginn 25. júlí 1979, kl. 2015, var lögreglan á Akureyri kvödd til aðstoðar í húsið nr. 41 við Hafnarstræti á Akureyri vegna ölvaðs manns, er að sögn hefði haft í hótunum við fólk og ógnað því með hnífi. Lögreglumenn fóru þegar að sinna þessu. Þegar lögreglan kom á vettvang, hitti hún fyrir þau hjónin Jónheiði Þorsteinsdóttur og Þórólf Ingvarsson, Tjarnarlundi 8 G, Akureyri, og kváðust þau hafa ætlað að ná í dóttur sína, Ingunni Þórólfsdóttur, er væri á neðri hæð hússins nr. 41 við Hafnarstræti og þar væri einnig ákærði og væri hann ölvaður og hefði

haft í hótunum við þau og ógnað þeim með hnífi, ef þau tækju dóttur sína á brott. Lögreglumennirnir höfðu tal af húsráðanda, sem leyfði þeim inngöngu í húsið, og bar hann það sama um háttalag ákærða og óskaði eindregið eftir því, að hann yrði fjarlægður úr húsinu. Húsráðandinn benti lögreglumönnum á ákærða, þar sem hann var í þröngum eldhúskrók inn af íbúðinni og sat þar uppi á eldhúsborði og hafði Ingunni fyrir innan sig og hindraði allan aðgang að henni og hafði allbeittan hníf í hendi.

Lögreglan afvopnaði ákærða, sem þá sýndi mótþróa, þannig að setja varð hann í handjárn, og í framhaldi af þessu var ákærði fluttur í lögreglustöðina á Akureyri, þar sem hann var færður í fangaklefa.

Aðspurður neitaði ákærði að hafa otað hnífnum að fólkinu, en sagðist hafa hótað að berja Þórólf Ingvarsson vegna afskipta hans af Ingunni, en ákærði kvað hana vera unnustu sína og með öllu sjálfs sín ráðandi.

Ákærði bar í skýrslu hjá lögreglu 26. júlí 1979, að hann hefði verið töluvert ölvaður kvöldið áður, verið búinn að neyta áfengis í nokkra daga og því verið illa fyrirhallaður. Ákærði kvað það hafa verið tveimur dögum áður, að honum hefði verið vísað úr íbúð í Tjarnarlundi 8 G vegna áfengisneyslu. Þá hafi hann farið til kunningja síns, Sigurðar Antons Friðþjófssonar, Hafnarstræti 41, og fengið að dvelja hjá honum. Þetta umrædda kvöld hefði Ingunn og foreldrar hennar komið í Hafnarstræti 41 með muni, sem ákærði átti í Tjarnarlundi 8 G hjá foreldrum Ingunnar. Ákærði óskaði þá eftir því, að Ingunn yrði eftir hjá honum, en því voru foreldrar hennar andvígir. Af þessum sökum kom til nokkurra orðahnippinga milli ákærða og foreldra Ingunnar. Ákærði kveðst hafa fengið Ingunni með sér fram í eldhús til að tala einslega við hana. Þá hafi Jónheiður, móðir Ingunnar, komið í eldhúsið til að fá Ingunni með sér, en því kveðst ákærði hafa neitað. Ákærði kveðst muna eftir því að hafa verið með hníf í höndunum þarna í eldhúsinu, en hann man ekki, hvenær hann tók hnífinn af eldhúsborðinu, en hnífurinn hafi legið þar rétt hjá sem ákærði sat. Ákærði kveðst hvorki hafa otað hnífi þessum að Ingunni né foreldrum hennar, og ekki mundi ákærði eftir að hafa sagt „ég skal drepa ykkur öll, ef þið takið Ingunni frá mér,“ eða „þá verða slagsmál, og ég nota hnífinn“.

Á hinn bóginn getur ákærði þess, að verið gæti, að hann hafi

sagt þetta, þótt hann muni það ekki, og ákærði segir, að ef hann hafi sagt þessi orð, þá hafi engin meaning legið að baki þeim, honum hafi aldrei dottið í hug að beita hnífnum. Ákærði kveðst minnst þess að hafa haft hnífinn í höndunum, þegar lögreglan kom á staðinn, en ekki kveðst ákærði hafa beitt hnífnum gegn lögreglumönnum. Þá kveðst ákærði muna eftir að hafa sagt, að það yrðu slagsmál, ef foreldrar Ingunnar færu með hana með sér. Ákærði kveðst hafa verið mjög reiður, en var fullviss um, að honum hefði aldrei dottið í hug að beita hnífi gegn öðrum mönnum. Ákærði getur þess, að hafi hann sagt þau í reiðikasti til að valda foreldrum Ingunnar ótta (sic). Ákærða var síðan kynnt frumskýrsla lögreglunnar og hafði ekkert við hana að athuga ænað en það, að þegar lögreglan kom á staðinn, þá hafi hann ekki verið afvopnaður, heldur hafi hann verið búinn að sleppa hnífnum þá skömmu áður. Ákærði hefur efnislega staðfest þennan framburð sinn fyrir dómi.

Sama dag var tekin skýrsla hjá lögreglunni af Þórólfi Ingvarsyni, fæddum 16. apríl 1944, til heimilis að Tjarnarlundi 8 G, Akureyri. Varðandi aðdraganda atburðanna að Hafnarstræti 42 er framburður þessa vitnis samhljóða framburði ákærða. Þá kemur fram hjá þessu vitni, að ákærði hafi sagt eitthvað á þá leið, „að ef að við tækjum Ingunni frá honum, þá mundi hann drepa okkur öll“. Þegar ákærði hafi sagt þetta, þá hafi hann haldið hnífnum í hendinni og ekki hafi verið hægt að skilja orð hans á annan veg en að hann ætlaði að nota hnífinn til þess að vinna á því fólki, sem þarna var, enda þótt ákærði hefði ekki beinlínis otað hnífnum að þeim. Þennan framburð sinn hefur vitnið staðfest fyrir dómi hinn 7. júlí 1980.

Vitnið Ingunn Þórólfsdóttir, fædd 19. maí 1963, til heimilis að Tjarnarlundi 8 G, Akureyri, gaf skýrslu hjá lögreglunni sama dag. Varðandi aðdraganda atburðanna að Hafnarstræti 41 er framburður þessa vitnis samhljóða vitnisburði ákærða. Þó kveðst þetta vitni ekki muna eftir, að ákærði hafi sagt orðin „ég skal drepa ykkur öll, ef þið takið Ingunni frá mér“, en vel geti verið, að ákærði hafi sagt þessi orð, þótt vitnið hafi ekki heyrt það. Á hinn bóginn kveðst vitnið muna, að ákærði segði við sig, „þá verða slagsmál, og ég nota hnífinn“. Vitnið telur, að aldrei hefði komið til þess, að ákærði beitti hnífnum, heldur hefði hann sagt þetta til að hræða þau. Vitnið hefur fyrir dómi hinn 19. júní 1980 staðfest skýrslu þessa.

Vitnið Jónheiður Þorsteinsdóttir, fædd 31. október 1944, til

heimilis að Tjarnarlundi 8 G, Akureyri, kom fyrir sakadóm hinn 11. desember 1979.

Í þeirri skýrslu er framburður vitnisins samhljóða framburði ákærða varðandi aðdraganda atburðanna að Hafnarstræti 41. Vitnið segir, að þegar það kom í eldhúsið í greint sinn, þá hafi ákærði brugðist þannig við, að hann sagði: „Ég drep ykkur, ef þið takið Ingunni með ykkur“ eða eitthvað í þá áttina, og vitnið segir, að þegar ákærði sagði þetta, þá hafi hann haldið á eldhúshnífi, sem hann hefði gripið til þarna á eldhúsbörði. Þá segir vitnið, að þegar hér var komið, hafi ákærði verið mjög æstur.

Vitnið Sigurður Anton Friðþjófsson, fæddur 4. ágúst 1942, til heimilis að Hafnarstræti 41, Akureyri, hefur borið fyrir sakadómi hinn 11. desember 1979, að í greint sinn hafi hann verið staddur á heimili sínu, en hann hafi verið undir það miklum áfengisáhrifum, að hann muni ekkert eftir því, hvað gerðist.

Föstudaginn 23. október 1980 kom Herdís Sigríður Eypórsdóttir, fædd 8. júlí 1950, til heimilis að Hafnarstræti 41, fyrir dóminn.

Varðandi aðdraganda atburðanna að Hafnarstræti 41 í greint sinn er framburður þessa vitnis samhljóða framburði ákærða.

Þetta vitni ber, að þegar ákærði var kominn í eldhúsið, þá hafi hann lokað Ingunni þar af og gripið til hnífs, sem þar var, og sagt, að ef einhver vogaði sér nálægt þeim, þá dræpi hann þau öll. Vitnið segir þó, að ákærði hafi allan tímann beint hnífnum að sjálfum sér, þannig að vitnið hefði getað gengið beint til ákærða, án þess að hann gerði sér neitt. Vitnið segir, að framkoma ákærða hafi ekki valdið ótta hjá sér og ákærði hafi ekki gert sig líklegan til að beita hnífnum. Vitnið segir, að ákærði hafi beint morðhótunum sínum að öllum hópnum, sem þarna var.

Með vísan til þeirra vitnaframburða, sem hér að framan eru raktir, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem greinir í þessum lið ákæru. Að vísu er vafamál, hvort háttsemin hafi valdið ótta hjá þeim aðiljum, sem í ákæru greinir, um líf eða heilbrigði, en brotið sýnist fullframið, ef háttsemin er til þess fallin að vekja þennan ótta.

Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði því brotið gegn 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Vörn.

Björn Jósef Arnviðarson héraðsdómslögmaður hefur hinn 29. október sl. lagt fram vörn í máli þessu af hálfu ákærða. Verj-

andinn gerir þær dómkröfur, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, og að við ákvörðun refsingar verði höfð hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá hefur verjandinn gert kröfu um hæfileg málsvarnarlaun sér til handa.

Varðandi lið I í ákæruskjali fellst verjandinn á, að brotið falli undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en gerir þó kröfu um vægustu refsingu fyrir þennan ákærulið, er lög leyfa.

Varðandi lið II í ákæruskjali fellst verjandinn á, að þetta brot varði við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verjandinn telur einkum, að það sé refsilækkandi, að háttsemi ákærða í greint sinn hafi ekki valdið hlutaðeigandi ótta.

Þá telur verjandinn, að beita megí ákvæði 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til refsilækkunar. Það er álit dómsins, að eins og hér stendur á, sé ekki fært að beita 75. gr. hegningarlaganna til refsilækkunar. Þá sýnist það atriði, að háttsemin olli tæplega ótta hjá hlutaðeigendum um líf eða heilbrigði, ekki koma til álita, þar eð telja verður brotið fullkomið, þegar háttsemin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annara.

Ákvörðun refsingar.

Við ákvörðun refsingar verður að hafa í huga, að frá 16. apríl 1975 og til 21. september 1979 hefur ákærði tvívegis verið sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaganna og þrívégis fyrir brot á 244. gr. sömu laga. Þá hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 257. gr. og 2. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga á sama tímabili.

Þá ber að hafa í huga, að í sakadómi Kópavogs hinn 2. október 1980 er ákærði dæmdur fyrir brot gegn 244. gr., 248. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir þjófnaði, fjársvik og skjalafals. Að auki er hann í þessum dómi dæmdur fyrir ölvunarakstur.

Í þessu máli er ákærði sekur fundinn um tvö brot, annað gegn 233. gr. og hitt gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar nú verður því að hafa í huga ákvæði 71. gr., 1. mgr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af þessu telst refsing ákærða til handa hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði í hegningarauka.

Þá er rétt með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um

meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 200.000 krónur.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Fannar Ellertsson, sæti fangelsi 2 mánuði í hegningarauka.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar héraðsdómslögmanns, 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. janúar 1982.

Nr. 269/1981. Ákærvaldið

gegn

Péttri Þórssyni.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. desember 1981, sem barst dómnum sama dag, og krafist þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld.

Hinn 15. þ. m. barst Hæstarétti með bréfi ríkissaksóknara, dags. sama dag, endurrit af þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur, er fram hafði farið þann dag. Kom varnaraðili þá fyrir dóm og var kynnt framangreind kæra og kröfugerð ríkissaksóknara. Mótmælti varnaraðili kærunni og krafðist þess, að dómssáttin yrði látin standa óhögguð.

Hinn 27. júní 1977 samþykkti varnaraðili í sakadómi